

Skýringar

Úthlutun

Aflamark sem úthlutað hefur verið til hlutaðeigandi skips á fiskveiðiarinu á grundvelli aflahlutdeildar þess. Miðað er við slægðan fisk í botnfiski öðrum en karfa og slitinn humar. Úthlutunin er byggð á leyfilegum heildarafla fiskveiðisins að frádregnum sérstökum úthlutunum, afla sem ætlaður er til strandveiða ásamt viðbót eða skerðingu vegna flutnings á aflamarki milli ára.

Sérstakar úthlutanir

Úthlutanir á fiskveiðiarinu á grundvelli laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Um eftirfarandi úthlutanir er að ræða:

- Skel- og rækjubætur
- Úthlutun til stuðnings byggðarlögum (byggðakvóti)
- Línuívilnun
- Frístundaveiðar

Milli ára

Aflamark sem fært hefur verið frá síðastliðnu fiskveiðiarí (jákvæð tala) eða lögmætur afli umfram aflamark síðastliðins fiskveiðisárs (neikvæð tala).

Heimilt er að færa 15% af aflamarki hveurrar botnfisktegundar, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiarí yfir á það næsta. Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hveurrar botnfisktegundar, síldar og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðisárs á eftir.

Milli skipa

Samanlagt aflamark allra millifærslna sem gerðar hafa verið á fiskveiðiarinu. Ef samtalan er neikvæð hefur meira aflamark verið flutt frá skipinu en til þess en öfugt ef samtalan er jákvæð.

Aflamark

Aflaheimild á fiskveiðiarí, þ.e. samtala ofangreindra liða (Úthlutun, Bætur, Milli ára og Milli skipa).

Afli til aflamarks

Afli skips að teknu tilliti til reglna um útreikning afla til aflamarks, svo sem reglna um útflutningsálag, nýtingarstuðla fullvinnsluskipa, undirmál og VS-afla.

Útflutningsálag: Álagið er 5% á allan botnfiskafla sem fluttur er óunninn á erlendan markað og er ekki endanlega vigtaður hér á landi.

Undirmál: Hámark þess undirmálsafla þorsks, ýsu, ufsa og karfa, sem reiknast að hálfu til aflamarks, er 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð.

VS-aflí: Skipstjóra er heimilt að ákveða að hluti afla reiknist ekki til aflamarks skipsins. Fer sá aflí þá á markað og hluti söluandvirðisins fer í Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Staða

Ónotað aflamark (jákvæð tala) eða umframafli (neikvæð tala) á fiskveiðíári án tillits til tilfærslu (mismunur Aflamarks og Afla t/aflamarks).

Tilfærsla

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins í upphafi fiskveiðíárs. Heimildin nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

Aflí umfram aflaheimild sem tegundatilfærslan leyfir í einstakri botnfisktegund er að hámarki 2% af heildaraflamarki viðkomandi skips í þorskígildum talið. Eftir sem áður getur tegundatilfærsla í öllum botnfisktegundum numið samtals 5%.

Ný staða

Ónotað aflamark (jákvæð tala) eða umframafli (neikvæð tala) á fiskveiðíári að teknu tilliti til tilfærslu (samtala Stöðu og Tilfærslu).

Á næsta ár

Sá hluti ónotaðs aflamarks sem færast til næsta fiskveiðíárs (jákvæð tala) eða aflí á fiskveiðíárinu umfram aflamark sem dreginn verður frá úthlutaðu aflamarki næsta fiskveiðíárs (neikvæð tala). Heimilt er að færa 15% af aflamarki hvefarr botnfisktegundar, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðíári yfir á það næsta. Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hvefarr botnfisktegundar, síldar og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðíárs á eftir.

Umframafli

Ólögmaetur aflí, þ.e. aflí umfram aflamark að teknu tilliti til tilfærslu og heimildar til að veiða umfram aflamark.

Ónotað

Ónotað aflamark að teknu tilliti til tilfærslu og heimildar til að færa aflamark til næsta fiskveiðíárs.